

Atvinnugrein	Gjald kr.	Atvinnugrein	Gjald kr.
Vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði	5.200	Vöruflutningamiðstöðvar	15.100
Vinnsla á ferskum fiski, lítil	17.500	Vörugeymslur, litlar	9.600
Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	23.900	Vörugeymslur, miðlungs	15.100
Vinnsla á ferskum fiski, stór	30.300	Yogastofur, heilun o.fl.	9.600
Vinnsla með plast- og frauðefni	12.700	Þvottahús og efnaugar	11.200
Vistheimili	12.700		

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir heitt vatn. Vestmannaeyjar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu mælt með þar til gerðum magnmælum.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnmæli.

Þar til mælir hefur verið settur upp eða ef mælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Til húshitunar:

VM1	166,54	(189,86) kr. pr. tonn
Niðurgreitt allt að 1.111 m ²	91,80	
VM2 m ³	41,64	(47,47) kr. pr. tonn
Niðurgreitt á m ²	22,95	
VM2 kWh	2,78	(3,17) kr. pr. tonn
Niðurgreitt á kWh	1,53	

Til annarra nota:

VM3 m ³	117,57	(134,03) kr. pr. tonn
VM4 m ³	29,41	(33,53) kr. pr. tonn
VM4 kWh	1,96	(2,23) kr. pr. tonn

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á ári:

MV1 Fyrir mæla allt að 3/4"	9.585,00	(10.927,00) kr.
MV2 Fyrir mæla eða hemla 1" – 2"	19.096,00	(21.769,00) kr.
MV3 Fyrir mæla eða hemla 3" og stærri	38.284,00	(43.644,00) kr.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss

utanmál (m³) * Heimæðargjald

Allt að 400	kr.	140.192,00	(159.819,00)			
400- 2.000	kr.	140.192,00	(159.819,00)	fyrir	400 m ³ +	111,94 (127,61) kr./m ³ þar yfir.
2.000- 6.000	kr.	319.347,00	(364.056,00)	fyrir	2.000 m ³ +	94,48 (107,71) kr./m ³ þar yfir.
6.000-10.000	kr.	697.043,00	(794.629,00)	fyrir	6.000 m ³ +	84,25 (96,05) kr./m ³ þar yfir.
Yfir 10.000	kr.	1.034.043,00	(1.178.809,00)	fyrir	10.000 m ³ +	73,14 (83,38) kr./m ³ þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða:

Fyrir mæli allt að 3/4"	20.573,00	(23.453,00) kr.
Fyrir mæli allt að 2"	46.146,00	(52.606,00) kr.
Fyrir mæli allt að 3"	82.466,00	(94.022,00) kr.

í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest sé ekki áformað að hita hluta húsnæðis.

III. KAFLI

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur 3.183,00 (3.629,00) kr. hverju sinni.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjálts aðgangur að öllum hemlum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Virðisaukaskattur, 14,0%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldkrá þessari, nema á sölu vatns til annars en húshitunar þar sem virðisaukaskatturinn er 24,5%. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd í sviga.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja, sbr. lög nr. 10, 19. mars 2001 um Hitaveitu Suðurnesja hf. og sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir heitt vatn. Vestmannaeyjar, nr. 453, 20. júní 2003.

Iðnaðarráðuneytinu, 9. júlí 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

**um verðjöfnun við útflutning á fullunnum vörum
sem innihalda landbúnaðarhráefni.**

1. gr.

Við útflutning á fullunnum vörum sem innihalda að einhverjum hluta þau innlendu hráefni sem talin eru upp í 3. gr., er heimilt að greiða mismun á verði viðkomandi hráefna á heimsmarkaði og innanlands til verðjöfnunar. Með útflutningi er í reglugerð þessari átt við sölu vöru til útlanda, í tollfrjálsa verslun, í tollfrjálsa forðageymslu fyrir för í millilandaferðum eða á varnarsvæði samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna.

2. gr.

Til að verðjöfnun nái til vörunnar skal hún falla undir eftirfarandi vöruliði og tollskrárnúmer, sbr. viðauka I við lög nr. 55/1987 með síðari breytingum:

0403.1011	1517.1001	1806.9011	1902.3021	2105.0011
0403.1012	1517.9002	1806.9023	1902.3031	2105.0019
0403.1013	1601.0022	1806.9025	1902.3041	2106.9041
0403.1019	1601.0023	1806.9026	1902.4021	2106.9048
0403.1021	1602.xxxx	1806.9028	1905.9011	2106.9059
0403.1022	1604.xxxx	1806.9029	1905.9051	2106.9064
0403.1029	1806.2003	1806.9039	1905.9090	2202.9011
0403.9011	1806.2004	1901.2017	2103.9051	2202.9012
0403.9012	1806.2005	1901.2023	2103.9052	2202.9013
0403.9013	1806.2006	1901.2024	2104.1011	2202.9014
0403.9014	1806.3101	1902.2021	2104.1012	2202.9015
0403.9019	1806.3109	1902.2022	2104.1021	2202.9016
0403.9021	1806.3202	1902.2031	2104.1022	2202.9017
0403.9022	1806.3203	1902.2041	2104.2001	2202.9019
0403.9029	1806.3209	1902.2042	2104.2002	